

## AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum prentuðum bókum, bæklingum o. fl.  
á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.

Ráðuneytið tilkynnir hér með þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 6. sbr. 7. gr. laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, að hækka lágmarksupphæð tollverðs af söluskattsfrjálum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09, sbr. leiðbeiningar ráðuneytisins um aðflutningsskjöl o. fl. frá janúar 1971, úr 350 kr. í 10 000 kr.

Niðurfellingin er því skilyrði bundin, að um sé að ræða innflutning til eigin nota og að varan sé ekki ætluð til endursölu.

Niðurfellingin tekur þó ekki til sýnishorna, heldur fer um greiðslu söluskatts af þeim samkv. leiðbeiningum til tollyfirvalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum.

*Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1972.*

F. h. r.

**Björn Hermannsson.**

*Dorsteinn Ólafsson.*

Nr. 358.

## REIKNINGUR

Félagsstofnunar stúdenta fyrir árið 1971.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1971.

### Gjöld:

Vörunotkun .....		kr. 13 244 271
Laun .....	kr. 6 049 004	
Launatengd gjöld .....	— 346 147	
Fæði starfsfólks .....	— 60 000	
		— 6 455 151
Umboðslaun .....		— 266 393
Raforka og hiti .....	kr. 1 278 061	
Hreingerningar, ræstivörur .....	— 727 740	
Fasteignagjöld, vatnsskattur .....	— 221 994	
Viðhald og viðgerðir .....	— 1 178 213	
		— 3 406 008
Akstur .....	kr. 21 797	
Bifreiðastyrkir .....	— 39 000	
Tryggingar .....	— 63 681	
Umbúðir .....	— 21 278	
Símkostnaður, burðargjöld .....	— 199 243	
Pappír, prentun, ritföng .....	— 207 958	
Auglýsingar, skreytingar .....	— 90 519	
Endurskoðun, reikningagerð .....	— 93 500	
Risna .....	— 31 729	
Ýmislegt .....	— 42 477	
		— 811 182